

Orkubú Vestfjarða ohf.

Ársreikningur 2023

Orkubú Vestfjarða ohf.

Stakkanes 1

400 Ísafjörður

kt. 660877-0299

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar og orkubússtjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	6
Rekstrarreikningur .....	8
Efnahagsreikningur .....	9
Sjóðstreymisyfirlit .....	10
Skýringar .....	11
Óendurskoðað starfspáttayfirlit .....	20

# Skýrsla og áritun stjórnar og orkubússtjóra

---

Tilgangur félagsins er að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, eiga og reka orkuver og raforkustöðvar til raforkuframleiðslu og sjá um raforkudreifingu og orkusölu.

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Á árinu 2023 nam hagnaður af rekstri félagsins 479 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eignir félagsins í árslok 2023 námu alls 15.029 millj. kr. og heildarskuldir alls 4.036 millj. kr. Eigið fé nam því alls 10.993 millj. kr. sem er um 73% af heildarfjármagni. Í árslok 2023 voru 61 stöðugildi hjá félaginu.

Hlutfé félagsins nam í árslok 3.050 millj. kr. og er allt í eigu Ríkissjóðs Íslands. Engar breytingar urðu á eignarhaldi á árinu.

Í desember 2023 tilkynnti Landsvirkjun að virkja þyrfti ákvæði í samningi milli fyrirtækjanna um heimild til skerðingar á raforku inn á hitaveitukatla Orkubús Vestfjarða í janúar, febrúar, mars og apríl sökum lágrar vatnsstöðu í lónum. Orkubú Vestfjarða þarf því að nota olíu til að kynda hitaveituna þennan tíma og er búist við að viðbótarkostnaður fyrirtækisins verði um 520 millj. kr. á árinu. Félagið stendur eftir sem áður vel og er tekjugrunnur þess traustur.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður til hluthafa á árinu 2023 að fjárhæð 25 milljónir króna. Að öðru leyti er vísað til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og breytingar á eigin fé.

## **Rekstur ársins 2023:**

Rekstrartekjur fyrirtækisins jukust um 10,89% á árinu sem skýrist aðallega af auknum umsvifum í samfélaginu og verðhækkunum á gjaldskrá. Miklar hækkarnir voru á rekstrarkostnaði, þá sér í lagi á aðkeyptri raforku, en töluverðrar óvissu gættir um framboð á raforku. EBITDA ársins var 815 millj. kr. og hækkar því um 239 millj. kr. á milli ára. Árið 2022 var þó skerðingarár hjá Landsvirkjun og var umframkostnaður Orkubúsins vegna olíubrennslunar á skerðingartímabilinu tæplega 200 millj. kr. Launakostnaður hækkaði um 10,7% en stöðugildi voru 61 í árslok og fjölgaði um eitt frá 2022.

Félagið hefur á undanförunum árum fjárfest umtalsvert í rekstrarfjármunum til að styrkja dreifikerfið með jarðstrengjum í stað loftlína og er þá kerfið jafnframt þrífasað. Þessum breytingum fylgir svo fjárfesting í jarðspennistöðvum. Orkubúið er vel á veg komið í þrífösun dreifikerfisins á Vestfjörðum og staðan í dag er sú að um 94% notkunar á Vestfjörðum er á þremur fösom. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum var alls 1.191 millj. króna á árinu eða 286 millj. króna hærri en árið á undan. Haldið hefur verið áfram á þeirri braut að fjárfesta í eflingu dreifikerfisins í dreifibýli en einnig hafa verið í gangi stór verkefni í jarðhitaleit og virkjanarannsóknunum.

Það er mat stjórnar að mikilvægustu verkefni næstu 10 ára séu uppbygging orkuframleiðslu fyrirtækisins. Þannig má tryggja tekjuöflun með orkusölu þannig að fyrirtækið verði sjálfbært í orkuöflun. Þeir virkjanakostir sem fyrirtækið hefur til skoðunar eru auk þess þannig staðsettir að þeir hafa afgerandi áhrif á afhendingaröryggi raforku á veitusvæðinu. Með því að fjárfesta í virkjunum sem eru vel staðsettar í dreifikerfinu á Vestfjörðum getur fyrirtækið náð þremur mikilvægum markmiðum samtímis, þ.e. að tryggja orkuöflun, auka afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum og gera félaginu kleift að taka þátt í grænum orkuskiptum á Vestfjörðum í samræmi við stefnu stjórnvalda. Grundvallarforsenda er þó að virkjanakostirnir reynist hagkvæmir og valdi sem minnstu raski á náttúrunni.

Unnið hefur verið ótulllega að tillögum sem starfshópur, skipaður af umhverfis-, orku-, og auðlindaráðherra, skilaði af sér í apríl 2022. Samið var um vatnsréttindi fyrir 9,9MW virkjun í Steingrímsfirði veturinn 2023 og er umhverfismat fyrir virkjunina vel á veg komið. Stefnt er að gangsetningu virkjunarinnar árið 2027 og mun þá afhendingaröryggi á Strandasvæðinu batna um 90%. Einnig liggur fyrir beiðni Orkubús Vestfjarða til Umhverfis-, orku-, og auðlindaráðherra um að breyta friðlýsingarskilmálum í friðlandinu í Vatnsfirði svo að 20-30MW Vatnsdalsvirkjun geti fengið faglega umfjöllun í rammaáætlun. Sú virkjun myndi hafa sömu áhrif á norðan- og sunnanverða Vestfirði eins og Kvíslartunguvirkjun mun hafa í Steingrímsfirði. Meðal ástæðna þess að við viljum að fýsileiki Vatnsdalsvirkjunnar sé kannaður er sú að einungis 20 km eru frá tengipunkti Landsnets í Mjólka, en um tengipunktinn fara um 90% raforkunotkunarinnar á Vestfjörðum.

Markmið stjórnar og stjórnenda til framtíðar er að reka félagið á öruggan og hagkvæman hátt í samræmi við tilgang félagsins, með hagsmuni viðskiptavina, eigenda, umhverfisins og samfélagsins að leiðarljósi.

Fram hefur komið sú skoðun af hálfu Valgerðar Árnadóttur stjórnarmanns að hún styðji ekki breytingu á friðlýsingu á friðlandi í Vatnsfirði og telji þurfa að meta hvort endurbætur á flutningskerfinu t.a.m Vesturlínu og virkjanakostir sem ekki eru innan friðlands séu fýsilegri með það að leiðarljósi að halda raski á náttúru og umhverfi í algjöru lágmarki.

### Áhætta og óvissupættir:

Stjórn félagsins vakti athygli á þeirri áhættu sem innbyggð er í samninga félagsins við Landsvirkjun um kaup á skerðanlegri orku á hitaveitur t.d. vegna lágrar vatnsstöðu í lönun Landsvirkjunar. Skerðing á afhendingu skerðanlegrar raforku þýðir að framleiða þarf heitt vatn með olíu í stað raforku, með auknum rekstrarkostnaði. Þessi áhætta raungerðist á árinu 2022 og varð afkoma félagsins 200 m.kr. lakari það ár bara vegna þess. Slík staða kom ekki upp á árinu 2023. Nú er hins vegar uppi sú staða að rafkyntar hitaveitur verða að öllum líkindum drifnar með olíu í rúmlega 100 sólarhringa á árinu. Aukinn rekstrarkostnaður er áætlaður 520 milljónir vegna tilheyrandi brennslu á olíu.

Fyrirsjáanlegt er að olíubrennsla vegna skerðingar á orkuafhendingu ársins 2024 mun ekki einungis hafa afgerandi áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins, heldur eru áform Orkubúsins um að minnka kolefnisspor sitt í algjöru uppnámi. Gera má ráð fyrir að kolefnissporið verði a.m.k. 11 þús. tonn í samanburði við 1.500 til 2.000 tonn í venjulegu árferði þegar engar skerðingar eru á afhendingu orku frá Landsvirkjun. Árlega þarf að vinna að fyrirbyggjandi viðhaldi flutningslína Landsnets á Vestfjörðum og er afhending til rafkynta hitaveitna þá skert og heitt vatn framleitt með olíukötlum þar sem flutningslínan inn á Vestfirði er bara ein. Þá er einnig nauðsynlegt að framleiða rafmagn í varaafsstöðvum Orkubúsins þegar flutningslínur eða dreifilínur eru úti vegna viðhalds eða bilana. Á undanförunum árum hefur kolefnissporið vegna raforkuframléðslu numið 600 til 1.100 tonnum ár hvert. Kolefnisspor vegna raforkuframléðslu í varaafsstöð Landsnets í Bolungarvík er þá ekki meðtalið.

Rafkyntar hitaveitur eiga sér rúmlega 40 ára sögu á Vestfjörðum, en rekstur þeirra hófst 1980 um sama leiti og Vesturlína sem tengir Vestfirði við samtengt raforkukerfi á Íslandi var spennusett. Lagning línunnar olli straumhvörfum í raforkumálum á Vestfjörðum og var grundvöllur þess að hægt var að leggja af olíukyndingu í heimahúsum og fyrirtækjum á Vestfjörðum. Á þeim tíma var mikið framboð af raforku sem hægt var að kaupa með því skilyrði að afhendingu hennar mætti skerða við lága stöðu í uppistöðulónunum Landsvirkjunar. Verðið á skerðanlegri orku var þá um 15% af verði forgangsortu. Þar skapaðist viðskiptatækifæri til að byggja upp rafkyntar hitaveitur þar sem olíukatlar voru notaðir sem varaafli þegar skerða þurfti afhendingu. Gert var ráð fyrir að slíkar skerðingar kæmu sjaldan upp og ekki oftan en á 10 ára fresti. Verð á skerðanlegri orku átti þó eftir að hækka og árið 2006 var hlutfallið á milli skerðanlegrar orku og forgangsortu orðið nálægt 30%, en hlutfallið hélst nokkuð óbreytt til ársins 2011 þegar það tók að hækka og var orðið nálægt 40% árið 2012. Verðið 2020 var komið um og yfir 50% af verði forgangsortu og rekstur rafkynta hitaveitna í járnnum ef verðið ætti að vera samkeppnishæft við beina rafhitun.

Orkubú Vestfjarða leitar nú allra leiða til að minnka kostnað við orkuöflun rafkynta hitaveitna. Árið 2018 var unnin skýrsla um jarðhitaleit í grennd við allar rafkyntar hitaveitur félagsins og í framhaldi af því hefur verið ráðist í jarðhitaleit. Leitin hefur skilað þeim árangri að aukinn jarðhiti hefur fundist í Súgandafirði, en leit í Bolungarvík og á Flateyri hefur ekki borið árangur. Nú stendur yfir leit á Patreksfirði og á Ísafirði. Vísbindingar eru um að hægt verði að nýta jarðhita á Patreksfirði með því að nýta 25-30°C heitt vatn inn á varmadælur. Vonir standa til að 60-65°C hiti finnist á Ísafirði, en ef ekki þá finnist 30°C heitt vatn sem nýta megi inn á varmadælur a.m.k. að hluta til. Rekstur fjarvarmaveitna á miðlægum varmadælum sem nota forgangsortu felst ekki bara í hærra verði á forgangsortunni heldur er flutningskostnaðurinn á raforkunni sem greiddur er til Landsnets einnig mun hærrí. Þá eru niðurgreiðslur til notenda á hverja kWst orku frá fjarvarmaveitum lægri en til notenda með beina rafhitun.

Stjórn Orkubús Vestfjarða mun standa frammi fyrir þeirri ákvörðun að rekstri fjarvarmaveitna verði hætt á næstu árum ef ekki næst árangur í jarðhitaleit og nýtingu hans á hagkvæman hátt eða lækkun á aðföngum veitunnar, þ.e. lækkun á meðal orkuverði og flutningi orkunnar.

Verði tekin ákvörðun um lokun veitnanna þá liggur fyrir að aflþörf forgangsortu á Vestfjörðum eykst þar sem ekki verður lengur hægt að nýta olíukatla sem varaafli fyrir húshitun. Gæti þá þurft að grípa til skömmtunar á raforku eða auka enn varaafli í díselrafstöðvum á Vestfjörðum.

### **Yfirlýsing stjórnar og orkubússtjóra.**

Það er álit stjórnar og orkubússtjóra að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gefa skýra mynd af stöðu Orkubús Vestfjarða ohf. í árslok 2023, rekstrarniðurstöðu ársins og breytingum á handbæru fé á árinu 2023.

Stjórn og orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða ohf. staðfesta hér með ársreikning fyrirtækisins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Ísafjörður, 26. mars 2024

Í stjórn

Illugi Gunnarsson  
stjórnarformaður

Gísli Jón Kristjánsson

Unnar Hermannsson

Valgerður Árnadóttir

Viktoría Rán Ólafsdóttir

Orkubússtjóri  
Elías Jónatansson

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa í Orkubúi Vestfjarða ohf.

## Áritun um endurskoðun ársreiknings

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Orkubús Vestfjarða ohf. fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð félaginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar

Stjórn og orkubússtjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt með ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem félagið gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar eru t.a.m ársskýrsla félagsins, skýrsla stjórnar og orkubússtjóra (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan). Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem að lágmarki ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Ábyrgð stjórnar og orkubússtjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfssemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasendum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað var fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdi óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum afhent stjórn endurskoðunarskýrslu þar sem gerð er grein fyrir þessum atriðum og er hún í samræmi við áritun okkar.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Við vorum kjörnir endurskoðendur af hluthafafundi félagsins á árinu 2020 í fyrsta skiptið. Þetta er því fjórða samfellda reikningsárið sem við erum endurskoðendur.

Reykjavík, 26. mars 2024

### **Grant Thornton endurskoðun ehf.**

Davíð Arnar Einarsson  
Löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
<b>Rekstrartekjur</b>			
Sala .....	16	3.837.949	3.461.160
<b>Rekstrargjöld</b>			
Orku kaup og flutningur .....	(	1.712.012)	( 1.682.510)
Laun og launatengd gjöld .....	17 (	1.144.218)	( 1.033.587)
Annar rekstrarkostnaður .....	(	166.254)	( 168.431)
		( 3.022.484)	( 2.884.528)
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir</b> .....		815.465	576.632
Afskriftir .....	20 (	460.608)	( 414.729)
<b>Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði</b> .....		354.857	161.903
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Fjármunatekjur .....		424.750	196.600
Fjármagnsgjöld .....	(	180.812)	( 159.997)
	19	243.938	36.603
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		598.795	198.506
Tekjuskattur .....	22 (	119.535)	( 2.523)
<b>Hagnaður ársins</b> .....	25	479.260	195.983
<b>Önnur heildarafkoma</b>			
<b>Liðir færðir beint á eigið fé sem munu ekki vera færðir síðar í rekstrarreikning</b>			
Gangvirðisbreytingar eigna til sölu .....		0	367.089
<b>Heildarafkoma ársins</b> .....	25	479.260	563.072



## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
<b>Eignir</b>			
Rekstrarfjármunir .....	20	9.814.325	9.184.252
Lán til tengdra aðila .....	24	2.619.204	3.224.212
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	21	24.901	17.401
Fastafjármunir		<u>12.458.430</u>	<u>12.425.865</u>
Vörubirgðir .....	9	394.030	261.004
Viðskiptakröfur .....	23	500.067	477.326
Kröfur á tengda aðila .....	24	1.140.705	1.021.020
Aðrar skammtímakröfur .....		38.903	30.064
Handbært fé .....	12	496.843	139.240
Veltufjármunir		<u>2.570.548</u>	<u>1.928.654</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>15.028.978</u></u>	<u><u>14.354.519</u></u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		3.049.914	3.049.914
Lögbundinn varasjóður .....		1.016.637	1.016.637
Óráðstafað eigið fé .....		6.926.207	6.446.946
Eigið fé	25	<u>10.992.758</u>	<u>10.513.497</u>
Tekjuskattsskuldbinding .....	22	437.580	351.462
<b>Langtímaskuldir</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....	27	1.701.000	1.795.500
Lífeyrisskuldbinding .....	26	1.055.289	1.001.473
Langtímaskuldir		<u>2.756.289</u>	<u>2.796.973</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		186.963	187.657
Skuldir við tengda aðila .....		145.878	139.165
Næstu árs afborganir langtímaskulda við lánastofnanir .....	27	94.500	94.500
Skattar til greiðslu .....	22	33.417	3.306
Aðrar skammtímaskuldir .....		381.593	267.959
Skammtímaskuldir		<u>842.351</u>	<u>692.587</u>
Skuldir samtals		<u>4.036.220</u>	<u>3.841.022</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>15.028.978</u></u>	<u><u>14.354.519</u></u>



# Skýringar

---

## 1. Félagið

Orkubú Vestfjarða ohf. er opinbert hlutafélag með lögheimili að Stakkanesi 1, Ísafirði og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Aðalstarfsemi félagsins er framleiðsla, sala og dreifing á raforku og heitu vatni til neytenda.

## 2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Orkubús Vestfjarða ohf. fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

## 3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

## 4. Áhættustjórnun

Félagið er ekki með neina framvirka gjaldeyrisriskiptasamninga, valréttta eða afleiðusamninga.

## 5. Skráning tekna

Tekjur af sölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

## 6. Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

## 7. Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

## 8. Rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað, launakostnað og annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun.

## Skýringar, frh.:

---

### 8. Rekstrarfjármunir, frh.:

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söliverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

### 9. Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru metnar á kostnaðarverði. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra og við að koma þeim á staðinn og í notkunarhæft ástand.

### 10. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði. Ef gangvirði eignarhluta er lægra en kostnaðarverð er færð gangvirðislækkun á eignarhlutann þannig að bókfært verð sé ekki hærra en gangvirði.

Eignarhlutur í Landsneti hf. var seldur í lok árs 2022. Eignarhluturinn var skilgreindur sem fjáreign á gangvirði í gegnum heildarafkomu. Við afskráningu var eignin færð á gangvirði á söludegi og gangvirðisbreytingar færðar á sérstakan lið meðan eigin fjár. Mismunur á söluandvirði og gangvirði fært yfir rekstur og endurmatsreikningur leystur upp.

### 11. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur hafa verið færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi lið í efnahagsreikningi.

### 12. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og bankainnstæðum.

### 13. Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

### 14. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi.

Tekjuskattur á hagnað ársins innifelur frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning.

## Skýringar, frh.:

### 15. Eignir utan efnahags

Við stofnun Orkubús Vestfjarða á árinu 1977 lögðu sveitarfélögin á Vestfjörðum og ríkið inn í félagið öll mannvirki sín á Vestfjörðum í raforkuverum, rafstöðvum, kyndistöðvum og jarðvarmavirkjunum ásamt tilheyrandi flutnings- og dreifikerfi. Í útgefnum afsölum sveitarfélaganna er það enn fremur sérstaklega tekið fram að þau afsali Orkubúi Vestfjarða öllum rétti til virkjunar vatnsafls og jarðhita sem þau eiga eða kunna að eiga í löndum sínum eða annars staðar og þau kunna að hafa samið um. Náði afsal þetta jafnt til þekktra sem óþekktra réttinda. Vatnsréttindin eru ekki bókfærð í efnahagsreikningi félagsins og eru því eignir utan efnahagsreiknings.

### 16. Sala

Sala félagsins greinist þannig eftir starfspáttum:

	2023	2022
Raforkusala .....	941.445	925.021
Raforkudreifing .....	1.628.611	1.480.570
Sala á heitu vatni .....	928.765	849.749
Tengigjöld .....	90.297	65.685
Aðrar tekjur .....	248.831	140.135
Samtals .....	3.837.949	3.461.160

### 17. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2023	2022
Laun .....	863.930	805.420
Launatengd gjöld .....	222.598	189.522
	1.086.528	994.942
Lífeyrisskuldbinding .....	125.026	97.457
Dagpeningar .....	26.934	20.424
Bifreiðastyrkur .....	39.278	35.878
Eignfærð laun og launatengd gjöld .....	( 133.548)	( 115.114)
Gjaldfærð laun og launatengd gjöld samtals .....	1.144.218	1.033.587
Stöðugildi í árslok .....	61	60

Heildarlaun og þóknarir stjórnar, orkubússtjóra og þriggja framkvæmdastjóra eru sem hér segir:

	2023	2022
Heildarlaun stjórnar .....	10.640	10.398
Heildarlaun orkubússtjóra .....	28.190	24.273
Heildarlaun framkvæmdastjóra .....	61.422	56.988
	100.252	91.659

## Skýringar, frh.:

### 18. Þóknun til endurskoðanda

Þóknun til endurskoðanda greinist þannig:	2023	2022
Endurskoðun ársreiknings .....	3.732	5.359
Önnur þjónusta .....	459	2.404
Þóknun til endurskoðanda samtals .....	4.191	7.763

### 19. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2023	2022
Fjármunatekjur greinast þannig:		
Vaxtatekjur af bankainnstæðum .....	24.165	5.870
Arður af hlutabréfaeign .....	1.140	186.384
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum .....	399.445	4.346
	424.750	196.600
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vextir af skuldum við lánastofnanir .....	( 180.650)	( 157.416)
Önnur vaxtagjöld .....	( 162)	( 2.581)
	( 180.812)	( 159.997)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....	243.938	36.603

### 20. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Raforkukerfi Orkuver	Raforkukerfi Veitukerfi	Hitaveitukerfi
Kostnaðarverð 1.1.2023 .....	4.702.390	9.079.738	2.039.359
Eignfært á árinu .....	140.567	590.873	55.118
Selt og aflagt á árinu .....	0	( 108.798)	0
Kostnaðarverð 31.12.2023 .....	4.842.957	9.561.813	2.094.477
Afskrifað 1.1.2023 .....	2.596.077	3.896.898	1.419.905
Afskrift ársins .....	59.997	253.584	44.048
Selt og aflagt á árinu .....	0	( 108.798)	0
Afskrifað 31.12.2023 .....	2.656.074	4.041.684	1.463.953
Bókfært verð 31.12.2022 .....	2.106.313	5.182.839	619.454
Bókfært verð 31.12.2023 .....	2.186.883	5.520.129	630.524
Afskriftahlutföll .....	1,67 - 5%	3,3 - 4%	4 - 10%

## Skýringar, frh.:

### 20. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.:

	<b>Fasteignir</b>	<b>Áhöld og tæki</b>	<b>Samtals</b>
Kostnaðarverð 1.1.2023 .....	1.824.002	794.310	18.439.799
Keypt á árinu .....	189.905	114.791	1.091.254
Selt og aflagt á árinu .....	0	( 20.083)	( 128.881)
Kostnaðarverð 31.12.2023 .....	<u>2.013.907</u>	<u>889.018</u>	<u>19.402.172</u>
Afskrifað 1.1.2023 .....	793.366	549.301	9.255.547
Afskrift ársins .....	29.817	73.162	460.608
Selt og aflagt á árinu .....	0	( 19.510)	( 128.309)
Afskrifað 31.12.2023 .....	<u>823.183</u>	<u>602.953</u>	<u>9.587.847</u>
Bókfært verð 31.12.2022 .....	1.030.636	245.009	9.184.252
Bókfært verð 31.12.2023 .....	<u>1.190.724</u>	<u>286.065</u>	<u>9.814.325</u>
Afskriftahlutföll .....	2%	20%	

Nýframkvæmdir eru afskrifaðar þegar fjárfestingin er tilbúin til notkunar. Í framkvæmdakostnaði eru 65 millj. kr. vegna útteilingar á sameiginlegum rekstrarkostnaði og 133,5 millj. kr. vegna eignfærðra launa.

Fasteignamat og váttryggingamat fasteigna félagsins í árslok greinist þannig:

	<b>Fasteignamat</b>	<b>Váttryggingamat</b>
Orkuver og kyndistöðvar .....	814.876	2.508.188
Aðrar byggingar .....	370.758	1.246.030

Váttryggingafárhæð annarra eigna en fasteigna er um 2,8 milljarðar kr. Váttryggingarfárhæð náttúruhamfaratryggingar rekstrarfjármuna nam 28,8 milljarðar kr. í árslok 2023.

## Skýringar, frh.:

### 21. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignar- hlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Fastafjármunir			
Netorka hf. ....	4,95%	492	1.847
Dalsorka ehf. ....	10%	444	444
Landsvarmi ehf. ....	18%	90	110
Blámi, stofnfé .....		22.500	22.500
Bókfært verð í árslok .....			24.901

Eignarhlutir félagsins í langtíma áhættufjármunum eru metnir á kostnaðarverði.

Þann 30. desember 2022 seldi Orkubú Vestfjarða 5,98% hlut sinn í Landsneti til Ríkissjóðs. Söluverð var 4.030 millj. kr. og var það greitt með skuldabréfi til fimm ára.

### 22. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 119,5 millj. króna. Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2024 er 33,4 millj. kr.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

		2023		2022
Hagnaður fyrir skatta .....		598.795		198.506
Skatthlutfall .....	20,0%	119.759	20,0%	39.701
Fenginn arður .....	( 0,0%)	( 228)	( 18,8%)	( 37.277)
Aðrir liðir .....	0,0%	4	0,0%	99
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi ....	20,0%	119.535	1,3%	2.523

Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:

		31.12.2023		31.12.2022
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun .....	(	351.462)	(	321.070)
Breytt skattaleg fyrning frá fyrra ári .....		0	(	31.175)
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins .....	(	119.535)	(	2.523)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2023 .....		33.417		3.306
Tekjuskattsskuldbinding í árslok .....	(	437.580)	(	351.462)



## Skýringar, frh.:

### 22. Tekjuskattur, frh.:

Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist þannig á eftirfarandi liði:	31.12.2023	31.12.2022
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	( 518.316)	( 420.661)
Viðskiptakröfur .....	1.503	798
Birgðir .....	( 3.940)	( 2.610)
Lífeyrisskuldbinding .....	83.177	71.014
Aðrir efnahagsliðir .....	( 3)	( 3)
	<u>( 437.580)</u>	<u>( 351.462)</u>

### 23. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:

	31.12.2023	31.12.2022
Viðskiptakröfur .....	532.599	505.210
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	( 32.532)	( 27.884)
	<u>500.067</u>	<u>477.326</u>

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinast þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun .....	( 27.884)	( 25.251)
Tapaðar kröfur á árinu .....	1.466	3.040
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu .....	( 6.114)	( 5.673)
Niðurfærsla í árslok .....	<u>( 32.532)</u>	<u>( 27.884)</u>

Niðurfærsla er reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

### 24. Lán til tengdra aðila

Yfirlit um lán til tengdra aðila:

	31.12.2023	31.12.2022
Verðtryggðar kröfur í ISK á Ríkissjóð Íslands, vextir 1,84% .....	3.492.272	4.030.265
Næsta árs afborganir .....	( 873.068)	( 806.053)
Lán til tengdra aðila samkvæmt efnahagsreikningi samtals .....	<u>2.619.204</u>	<u>3.224.212</u>

Afborganir skuldabréfa greinast þannig á næstu tímabil:

Árið 2023 .....	0	806.053
Árið 2024 .....	873.068	806.053
Árið 2025 .....	873.068	806.053
Árið 2026 .....	873.068	806.053
Árið 2027 .....	873.068	806.053
Skuldabréf samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	<u>3.492.272</u>	<u>4.030.265</u>

## Skýringar, frh.:

### 25. Eigið fé

Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess nemur alls 3.050 millj. króna og er nafnverð hvers hlutar ein króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Endurmats reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2022 .....	3.049.914	1.016.637	3.310.450	2.573.424	9.950.425
Gangvirðisbreyting .....			367.089	0	367.089
Upplausn endurmatsrkn. ...			( 3.677.539)	3.677.539	0
Hagnaður ársins .....				195.983	195.983
Eigið fé 31.12.2022 .....	3.049.914	1.016.637	0	6.446.946	10.513.497

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Endurmats reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2023 .....	3.049.914	1.016.637	0	6.446.946	10.513.497
Hagnaður ársins .....				479.260	479.260
Eigið fé 31.12.2023 .....	3.049.914	1.016.637	0	6.926.207	10.992.758

### 26. Lífeyrisskuldbinding

Á Orkubúi Vestfjarða ohf. hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda þeirra starfsmanna félagsins sem eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins B-deild. Vegna þessa hefur verið færð lífeyrisskuldbinding í efnahagsreikningi. Lífeyrisskuldbindingin er vegna áunninna lífeyrisréttinda starfsmanna til 1. júlí 2001 og er færð samkvæmt tryggingafræðilegu mati á reikningskiladegi.

Breyting lífeyrisskuldbindingar á árinu sundurliðast þannig:

	31.12.2023	31.12.2022
Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun .....	1.058.473	1.017.951
Greiddar lífeyrisskuldbindingar .....	( 64.210)	( 56.935)
Framlag ársins vegna lífeyrisskuldbindingar .....	125.026	97.457
Lífeyrisskuldbinding í árslok .....	1.119.289	1.058.473
Langtímahluti lífeyrisskuldbindingar .....	1.055.289	1.001.473
Skammtíahluti lífeyrisskuldbindingar .....	64.000	57.000
	1.119.289	1.058.473

Lífeyrisskuldbinding sem hefur myndast eftir 1. júlí 2001 er greiðsluskyld á því ári sem hún myndast og er gerð upp árlega.

## Skýringar, frh.:

### 27. Skuldir við lánastofnanir

Yfirlit um skuldir við lánastofnanir:

	31.12.2023	31.12.2022
Óverðtryggðar skuldir í íslenskum krónum .....	1.795.500	1.890.000
Næsta árs afborganir .....	( 94.500)	( 94.500)
Langtímaskuldir samkvæmt efnahagsreikningi samtals .....	1.701.000	1.795.500

Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu tímabil:

Árið 2023/2022 .....	0	94.500
Árið 2024/2023 .....	94.500	94.500
Árið 2025/2024 .....	94.500	94.500
Árið 2026/2025 .....	94.500	94.500
Árið 2027/2026 .....	94.500	94.500
Síðar .....	1.417.500	1.417.500
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	1.795.500	1.890.000

Engin veð hvíla á eignum félagsins vegna skulda við lánastofnanir.

### 28. Tengdir aðilar

#### Skilgreining tengdra aðila

Eigandi, stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins.

#### Viðskipti við tengda aðila

Viðskipti við tengda aðila þ.m.t. íslenska ríkið og félög og stofnanir í eigu þess eru verðlögð eins og um ótengda aðila sé að ræða. Upplýsingar um laun stjórnenda er að finna í skýringu 17. Viðskipti stjórnarmanna og stjórnenda eru óveruleg og tengjast hefðbundnum aðföngum til heimilisreksturs viðkomandi aðila.

### 29. Atburðir eftir reikningsskiladag

Í desember 2023 tilkynnti Landsvirkjun virkja þyrfti ákvæði í samningi milli fyrirtækjanna um heimild til skerðingar á raforku inn á hitaveitukatla Orkubús Vestfjarða í janúar, febrúar, mars og apríl sökum lágrar vatnsstöðu í lónum. Orkubú Vestfjarða þarf því að nota olíu til að kynda hitaveituna þennan tíma og er búist við að viðbótarkostnaður fyrirtækisins verði um 520 millj. kr. Félagið stendur eftir sem áður vel og er tekjugrunnur þess traustur.

# Starfsþáttayfirlit (óendurskoðað)

## Starfsþættir

Starfssvæði Orkubús Vestfjarða ohf. er að mestu Vestfirðir. Fyrirtækið skiptist niður í fjóra starfsþætti en þeir eru dreifing, framleiðsla raforku, hitaveita og önnur þjónusta.

**Dreifing** er bæði flutningur og dreifing raforku. Þessi þáttur í starfsemi félagsins er ekki í samkeppnisrekstri og lýtur eftirliti Orkustofnunar.

**Framleiðsla** er bæði framleiðsla og sala raforku sem nær til alls landsins.

**Hitaveita** er allur fjarvarma- og hitaveiturekstur félagsins.

**Önnur þjónusta** er öll önnur starfssemi svo sem sala á þjónustu vegna flutningslína, viðgerðir vegna tjóna og önnur tilfallandi verk.

Rekstrarstarfsþættir Árið 2023	Dreifing raforku	Framleiðsla raforku	Hitaveita	Önnur þjónusta	Samtals
Rekstrartekjur .....	2.125.831	1.986.064	933.463	37.518	5.082.876
Tekjur milli starfsþátta .....	( 247.689)	( 1.008.394)	0	11.156	( 1.244.927)
	1.878.142	977.670	933.463	48.674	3.837.949
Rekst.afkoma starfsþátta ....	758.476	100.588	( 50.253)	6.654	815.465
Afskriftir .....	290.518	108.774	61.316	0	460.608
Rekstrarhagnaður .....	467.958	( 8.186)	( 111.569)	6.654	354.857
Fjárm.tekjur og fjárm.gjöld .....					243.938
Tekjuskattur .....				(	119.535)
Hagnaður ársins .....					479.260
Ávöxtun á eignir .....	7,9%	-0,3%	-13,7%		2,4%
<b>Efnahagur</b>					
Varanlegir rekstrarfjárm. ....	5.937.103	3.060.858	816.364		9.814.325
Óskiptar eignir .....					5.214.653
<b>Eignir samtals</b> .....					15.028.978
<b>Óskiptar skuldir</b> .....					4.036.220

## Starfsþáttayfirlit, frh.:

<b>Rekstrarstarfsþættir</b> <b>Árið 2022</b>	<b>Dreifing</b> <b>raforku</b>	<b>Framleiðsla</b> <b>raforku</b>	<b>Hitaveita</b>	<b>Önnur</b> <b>þjónusta</b>	<b>Samtals</b>
Rekstrartekjur .....	1.844.221	1.754.534	850.175	28.170	4.477.100
Tekjur milli starfsþátta .....	( 188.818)	( 837.942)	0	10.820	( 1.015.940)
	1.655.403	916.592	850.175	38.990	3.461.160
Rekst.afkoma starfsþátta ....	609.590	55.863	( 88.284)	( 537)	576.632
Afskriftir .....	259.455	99.606	55.668	0	414.729
Rekstrarhagnaður .....	350.135	( 43.743)	( 143.952)	( 537)	161.903
Fjárm.tekjur og fjárm.gjöld .....					36.603
Tekjuskattur .....					( 2.523)
Hagnaður ársins .....					195.983
Ávöxtun á eignir .....	6,4%	-1,5%	-18,6%		1,1%
<b>Efnahagur</b>					
Varanlegir rekstrarfjárm. ....	5.497.212	2.911.302	775.738	0	9.184.252
Óskiptar eignir .....					5.170.267
<b>Eignir samtals</b> .....					14.354.519
<b>Óskiptar skuldir</b> .....					3.841.022

# Undirritunarsíða

Stjórnarformaður  
Illugi Gunnarsson

Stjórnarmaður  
Gísli Jón Kristjánsson

Stjórnarmaður  
Unnar Hermannsson

Stjórnarmaður  
Valgerður Árnadóttir

Stjórnarmaður  
Viktoría Rán Ólafsdóttir

Orkubússtjóri  
Elías Jónatansson

Endurskoðandi  
Davíð Arnar Einarsson